






ANDSTAÐA VIÐ NÚVERANDI STAÐSETNINGU FLUGVALLAR Í VATNSMÝRI EYKST SAMKVÆMT KÖNNUN MASKÍNU

- Næstum 59% segjast nú vera hlynnt (fremur eða mjög) því að framtíðarstaðsetning flugvallarins í Reykjavík verði í Vatnsmýrinni. Síðast þegar Maskína spurði í september 2013 voru 72% hlynnt núverandi staðsetningu, þannig að stuðningur hefur minnkað umtalsvert, þótt mun fleiri séu hlynntir flugvellinum í Vatnsmýri en eru andvígir. Minni munur er þó á þeim sem eru andvígir nú og síðast, þeir eru rúmlega 22% nú en voru rösklega 17% í september 2013. Fleiri nefna því miðjukostinn nú en fyrr tveimur og hálfu ári síðan, rúmlega 19% nú en voru rösklega 10% þá. Þegar meðaltalið er skoðað, sem er 3,68 (milli í meðallagi og fremur hlynnt(ur)) en var 4,06 í september 2013, er aðalmunurinn sá að í fyrri könnuninni voru rúmlega 60% mjög hlynnt en nú einungis tæplega 44%.
- Enginn munur er á afstöðu kynjanna en konur voru hlynntari en karlar árið 2013. Íbúar landsbyggðarinnar eru nú líkt og þá hlynntari en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu og sama er að segja um þá sem lokið hafa háskólamenntun þeir eru líkt og í september 2013 andvígari því að flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni. Árið 2013 var ekki munur á afstöðu fólks eftir aldri en nú bregður svo við að eftir því sem fólk rekstist þeim mun hlynntara er það núverandi staðsetningu flugvallarins.
- Kjósendur stjórnflokkanna eru mun hlynntari núverandi staðsetningu en kjósendur stjórnarandstöðuflokkanna, en einnig er hærra hlutfall kjósenda Vinstri grænna og Pírata hlynnt en andvíg.
- Svarendur koma úr Þjóðgátt Maskínu, sem er panelhópur fólks sem er dregið með tilviljun úr Þjóðskrá og svarar á netinu. Svarendur eru af báðum kynjum, alls staðar að af landinu og á aldrinum 18-75 ára. Gögnin eru vigtuð með tilliti til kyns, aldurs og búsetu samkvæmt Þjóðskrá. Könnunin fór fram dagana 15. - 26. janúar 2016. Send var áminning þrisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað. Alls svöruðu 847 manns og var svarhlutfall tæplega 50% af upphaflegu úrtaki.
- Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Maskínu: www.maskina.is.
- Nánari upplýsingar veitir Þóra Ásgeirsdóttir í síma 896-4427.



Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að framtíðarstaðsetning flugvallarins í Reykjavík verði í Vatnsmýrinni?

	Fjöldi	%
Mjög hlynnt(ur) (5)	365	43,9
Fremur hlynnt(ur) (4)	122	14,7
Í meðallagi (3)	160	19,3
Fremur andvíg(ur) (2)	81	9,8
Mjög andvíg(ur) (1)	103	12,4
Gild svör	831	100,0
Gildir svarendur	831	98,2
Svöruðu ekki	15	1,8
Heildarfjöldi	847	100,0





Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að framtíðarstaðsetning flugvallarins í Reykjavík verði í Vatnsmýrinni?

	Gild svör	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	831	58,6	19,3	22,2	3,68
Kyn					
Karl	417	61,3	15,2	23,5	3,71
Kona	414	55,8	23,4	20,8	3,65
Aldur*					
Yngri en 25 ára	113	32,2	45,8	22,0	3,12
25-34 ára	152	49,0	26,4	24,5	3,47
35-44 ára	141	57,4	15,5	27,1	3,57
45-54 ára	143	61,7	19,7	18,6	3,80
55 ára og eldri	283	73,2	6,5	20,3	4,01
Búseta*					
Reykjavík	302	47,1	16,3	36,5	3,21
Nágr.sveitarfélög Rvk.	227	56,6	23,8	19,6	3,69
Önnur sveitarfélög	303	71,4	18,8	9,7	4,14
Fjölskyldutekjur*					
399 þúsund eða lægri	192	54,8	26,1	19,1	3,66
400-549 þúsund	121	70,7	10,2	19,1	3,97
550-799 þúsund	143	58,1	23,0	18,8	3,76
800 þúsund eða hærrí	272	55,6	17,6	26,8	3,53
Menntun*					
Grunnskólapróf	153	59,8	21,5	18,7	3,84
Framhaldsskólapróf/lðnmenntun	302	66,0	19,5	14,5	3,91
Háskólapróf	358	53,3	18,0	28,7	3,47

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).



Sp. 1. Hversu hlynnt(ur) eða andvíg(ur) ertu því að framtíðarstaðsetning flugvallarins í Reykjavík verði í Vatnsmýrinni?

	Gild svör	Hlynnt(ur)	Í meðallagi	Andvíg(ur)	
	Fjöldi	%	%	%	
Allir	831	58,6	19,3	22,2	3,68
Hjúskaparstaða*					
Gift(ur)/Kvænt(ur)/Í sambúð	576	58,7	18,4	22,8	3,69
Einhleyp(ur)	167	53,7	25,4	20,9	3,56
Fráskilin(n)/Ekkja/Ekkill	70	75,3	11,2	13,6	4,10
Heimilisgerð*					
Einn á heimili	104	70,6	12,4	17,1	4,01
Fullorðinn/Fullorðnir með 1-2 börn	259	52,4	22,8	24,8	3,55
Fullorðnir með 3 börn eða fleiri	74	58,3	18,4	23,3	3,64
Tveir eða fleiri fullorðnir, engin börn	347	61,4	18,1	20,4	3,75
Hvaða flokk myndir þú kjósa í dag?*					
Bjarta framtíð	23	24,4	24,2	51,4	2,43
Framsóknarflokkinn	44	93,1	5,0	1,9	4,82
Pírata	208	41,2	26,8	32,0	3,24
Samfylkinguna	56	44,1	10,7	45,2	2,95
Sjálfstæðisflokkinn	140	77,8	7,1	15,1	4,18
Vinstrihreyfingin - grænt framboð	69	45,4	31,8	22,8	3,35

*Marktækur munur á milli hópa skv. ANOVA prófi ($p < 0,05$).